

# MOTOR & SPORT

TÍMARIT UM BÍLA, MÓTORHJÓL, VÉLSLEÐA, BÁTA & MÓTORSPOURT



SANDSPYRNA - RALLY REYKJAVÍK - KLASSÍSKUR BÍLL - NÝIR SMÁBÍLAR  
4x4 KLÚBBURINN - BENZ KLÚBBURINN O.F.L...

# DÓTAKASSI FULLORÐNA FÓLKSINS

Í Garminbúðinni í Ögurharvari færðu frábæra þjónustu og flest fremstu útivistar- og íþróttatæki sem í boði eru. Einnig erum við með fjölbreytt úrval af tækjum fyrir sjófarendur. Reynsla og þekking er okkar aðalsmerki.

**GARMIN**



VERÐ KR.  
**74.900**

## Oregon 600 – Göngugarpurinn

Frábært göngutæki verður enn betra, 3" snertiskjár með frábæri glampavörn. Bluetooth samskipti við síma og tvöfaldur GPS móttakari.



VERÐ KR.  
**79.900**

## Edge 810 – Hjólreiðafólk

GPS æfingataeki sem sýnir frammistöðu og leiðsögn. 5 mismunandi uppsetningar, t.d. þegar þú keppir og þegar þú ferð á fjöll.



VERÐ KR.  
**69.900**

## Fenix – Göngugarpurinn

Útivistarúr með leiðsögn ásamt hæðartölvu, loftþrýstingsnema og 3 ása rafeindaáttavita. Einnig tilvalið í hlaupið og annað sport.



VERÐ KR.  
**49.900**

## Approach S2 – Golfarinn

Nýtt GPS golfúr. Sjáðu fjarlægð í holuna hvar sem þú ert. Mældu höggglengd og fylgstu með hversu langt þú gengur. Yfir 30.000 vellir um allan heim.



VERÐ KR.  
**29.900**

## Nüvi 42 – Bíleigandinn

Ódýrasta leiðsögutækið, fri lífstíðar uppfærsla á Vestur-Evrópukorti.



VERÐ KR.  
**44.900**

## Nüvi 2547LM – Bíleigandinn

Nýtt leiðsögutæki í bílinn með 5" skjá. Frábærir nýir eiginleikar sem gera þér lífið létt í akstri.



VERÐ KR.  
**49.900**

## Forerunner 310XT – Hlauparinn

Öflugt GPS æfingaur með fjölnota stillingum. Fylgstu með tíma, vegalengd, hraða og hjartslætti. Vatnshelt úr, löng rafhlöðuending.



VERÐ KR.  
**189.900**

## Echomap 70s – Bataeigandinn

Frábær GPS plotter með dýptarmæli. 7" Snertiskjár WVGA. HD-ID™ dýptarmælir. 500W (77/200 kHz) afl. í dýptarmæli. 10Hz GPS/GLONASS móttakari. Þráðlaus samskipti.



VERÐ KR.  
**9.900**

## Powermonkey – Ferðalangurinn

Ertu alltaf með óhlaðinn símann? Powermonkey discovery er lausn fyrir fólk á ferðinni, innanlands sem utan!



VERÐ KR.  
**15.900**

## Solarmonkey – Göngugarpurinn

Að hlaða símann, myndavélina eða GPS tækið er ekkert mál á fjöllum, Solarmonkey adventurer hleður innbyggða rafhlöðuna á daginn og sem aftur hleður tækin þín á nóttinni!



VERÐ KR.  
**69.900**

## VIRB Elite – Myndasmiðurinn

1080p háskerpu myndbandsupptaka með 16 MP CMOS-myndflögu. Chroma-skjár. GPS móttakari, hraðamælir og hæðarmælir til að birta á myndbandi ásamt „skynvæddri myndbandsupptöku“



#### Höfundar efnis:

Haukur Svavarsson.  
Hálf dán Sigurjónsson.  
Örn Sigurðsson  
Þórður Bragason

#### Myndir:

Díana Bryndís  
Hálf dán Sigurjónsson  
Örn Sigurðsson  
Lovísa Úlfarsdóttir  
Þórður Bragason

#### Grafík:

Halldór Már Aðalsteinsson.

#### Prófarkalestur:

Díana Bryndís

#### Vefstjóri:

[www.motorogsport.is](http://www.motorogsport.is)

Árdis Pétursdóttir.

#### Dreifing Akureyri:

Jón Rúnar Rafnsson

#### Dreifin Egilsstaðir:

Kristinn Ólafsson.

#### Útgefandi:

Mótor & Sport ehf, Laufbrekku 24  
Kópavogur

Kt: 470213-0270

S: 564-2811/897-1429/772-0429

E-mail: [motorogsport@motorogsport.is](mailto:motorogsport@motorogsport.is)

#### Ritstjóri og Ábyrgðarmaður:

Hálf dán Sigurjónsson.

Mótor & Sport tekur enga ábyrgð á villum í  
texta auglýsinga sem birtast í blaðinu.

Þá er Íslenska mótorsport sumarið 2013 á enda og við erum að fjalla um síðustu keppnarnar í þessu blaði.

Þó eru einhverjar keppnir eftir, þó svo að það séu ekki Íslandsmeistarakeppnir.

Laugardaginn 14-9 verður til að mynda haldin minningarkeppni um þá einstaklinga sem létust í flugvél brotlenti á spyrnubraut Bílklúbbs Akureyrar, og vottum við hér hjá Mótor & Sport öllum hlutaðeigandi samúð okkar vegna þessa hörmulega slyss.

Þá erum við að fjalla um sýningu Íslenska Mercedes-Benz klúbbsins sem fagnar 10 ára afmæli sínu um þessar mundir.

Einnig erum við með umfjöllun um 4X4 klúbbinn og hans 30 ára afmæli og þá sýningu sem verður í Fífuni um næstu helgi (13-15 sept).

Á þessi sýningu verða öll flottustu og hrikalegusti tæki sem til eru á landinu, og við verðum með myndir frá sýningunni í næsta blaði.

Nú eru 2014 árgerðirnar af nýjum bílum að koma á markaðinn og munum við fylgjast með því af bestu getu og koma með myndir frá sýningum umboðana á nýjum árgerðum.

Þá ætlum við á næstu mánuðum að rína í stöðu og stjórn Akstursíþróttasamband Íslands sem hefur verið að hnikkla vöðva sína í sumar, og sína klúbbunum hver ræður.

Undirritaður er búinn að vera í mótorsporti í rúm 30 ár og finnst sá stjórnarstíll sem viðgengst hjá AKÍS minna á þann stíl sem viðgekkst hjá Landsambandi Íslenskra Aksturíþróttafélaga áður en það samband leystist upp einmitt vegna deilumála um stjórnun og fjármál.

Við munum eins og áður sagði fylgjast vel með AKÍS og skoða þetta samband niður í kjölin á komandi vetri.

Þá munum við í næsta blaði kynna Íslandsmeistara 2013 í mótorsporti á Íslandi, og skoða komandi vetrarsport og fjallaferðir.

Hálf dán Sigurjónsson.

# ÞESSI ER MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja  
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

## Hleðslutæki



12V 0,8A



12V 4A

## Hjólarafrageymar



**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is

opið virka daga frá 8:15 - 17:30 **TUDOR**



Greifatorfæran hefur verið haldin af Bílklúbba Akureyrar um árabíl og hefur undirritaður ekki tölu á því hversu oft það hefur verið. Það eiga þessar keppnar sameiginlegt í gegnum árin, að þær hafa verið bæði skemmtilegar og spennandi, þá hafa tilþrífir líka verið hrikaleg.

Svæðið sem BA hefur til umráða er sennilega eitt besta svæðið til torfæruaksturs á landinu, þar sem það er mjög fjölbreytt og þá er það inn á akstursíþróttasvæði BA þannig að hægt er að breyta þrautum milli keppna.

Þetta síðasta er mjög mikilvægt þar sem keppnin verður ekki einsleit milli ára.

En þá er það aftur að þessari síðustu keppni.

Hún var haldin þann 17. Ágúst í flottu, en köldu veðri og mætingin var góð.

Alls mættu 21 keppandi og úrslitin voru eftirfarandi:

Flokkur sérútbúinna bíla:

1. Elmar J Guðmundsson
2. Helgi Gunnarsson
3. Guðlaugur S Helgason

Flokkur standard jeppa:

1. Steingrímur Bjarnason
2. Jón Vilberg Gunnarsson. Íslandsmeistari 2013
3. Ívar Guðmundsson





# Bíllinn þinn á bara það besta skilið – auktu verðgildi hans og sendu hann til Jobba!

**Jobbi hefur verið í  
bónbransanum síðan  
1982 og veit hvað  
bíllinn þinn þarf**

- Er bíllinn orðinn upplitaður?
- Er bíllinn orðinn blettóttur?
- Er áklæðið orðið óhreint?
- Eða er bíllinn bara skítugur?

**Láttu Jobba redda málunum!**

*Jobbi getur sótt  
og skilað bílnum  
þínum gegn  
vægu gjaldi.*

Bón og þvottur  
Hjá Jobba  
Skeifan 17  
Sími **568 0230**  
Opð kl. 9-17.30  
alla virka daga.  
[www.hjajobba.is](http://www.hjajobba.is)







Lokamót Íslandmeistaramótsins í sandspyrnu var haldið laugardaginn 17. Ágúst á akstursíþróttasvæði Bílklúbbs Akureyrar við Hlíðarfjallsveg.

29 keppendur mættu til leiks og var keppnin bæði skemmtileg og spennandi, þar sem tvö Íslandsmet litu dagsins ljós.

Magnús Bergsson hefur verið að bæta eigið íslandsmet í hverri keppninni á fætur annari í sumar, þannig að það var því skemmtilegur endir á tímabilinu, að hann skyldi bæta metið enn meira í þessari síðustu keppni og er það nú 3,983sek.

Það verður gaman að sjá næsta sumar hvort einhverjum tekst að bæta metið í útbúnum jeppaflokki.

Eins og staðan er í dag þá veðja ég að það verði Magnús sem bæti eigið met.

Hitt metið sem leit dagsins ljós var í Standard Jeppaflokki og var það Grétar Óli Ingþórsson sem setti það met á Ford F150 með 545cid vél, og er það 3,983sek.

Þá gerðist það að tvær konur spyrntu hlið við hlið, en það voru þær Aðalbjörg Ósk sem keppti á Galdra Gul og hin var Steinunn Lilja sem var á Chevrolet Camaro, en báðar koma þær frá Egilsstöðum.

Það er alltof sjaldgæft að konurnar komi og keppei þannig að endilega mæta stelpur!

(viðbót: Vegna ónógrar þátttöku í flestum flokkum, stóð aðeins einn uppi sem Íslandsmeistari í sínum flokk, og var það Björn Ingi Jóhannsson, en hann vann einnig Allt flokkinn?)

En allavega næst koma úrslit úr síðustu umferð Íslandsmótsins í sandspyrnu.







Unglingaflokkur

- U1 Gunnar Helgi Steindórsson
- U7 Haukur Örn Halldórsson

1cyl

- 1-5 Kristján Baldur Valdimarsson
- 1-3 Kristófer Daniélsón

2cyl+

- 2-2 Björn Ingi „Túba“ Jóhannsson
- 2-3 Svanur Hólm Steindórsson

Opinn Flokkur

- OF1 Grétar Franksson
- DNF

Fólksbílur

- F3 Steinunn Lilja
- F6 Jóhann Björgvins

Fjór hjól

- FJ7 Elvar Jóhann Sigurðsson
- FJ4 Birkir Örn Elíasson

Útbúnir Jeppar

- ÚJ1 Magnús Bergsson Nýtt íslandsmet (3,983)
- ÚJ8 Helgi Gunnarsson

Jeppaflokkur

- J1 Grétar Óli Ingþórsson Nýtt íslandsmet (4,890)
- J7 Ívar Guðmundsson

Buggy

- B1 Alexander Már Steinarsson







Það var sól og blíða þegar síðasta umferð Íslandsmótsins í rallykross fór fram á Rallykross brautinni við Krísuvíkurveg. 17 keppendur voru skráðir í fjóra flokka, þar af 8 í unglingsflokk. Það varð strax ljóst að mesta keppnin yrði í unglingsflokki og svo varð líka raunin.

Keppnin frá byrjun var mest milli þeirra: Gunnars Karls Jóhannessonar á Toyota Starlett, Yngva Rúnars Högnasonar á Honda Civic og Arnars Freys Árnasonar á Toyota Corolla.

Fyrir keppnina var talað um að það væri bara formsatriði fyrir Gunnar Karl að keppa, enda lang efstur að stigum og þá hefði hann hampað Íslandsmeistaratitli en það óraði engann fyrir því

að hann myndi velta og skemma bílinn.

Allt endaði þetta samt vel fyrir Gunnar Karl, bíllinn var lagaður, hann lenti í öðru sæti, sem var nægði honum til Íslandsmeistaratitils.

#### Annars urðu úrslitin þessi í Unglingsflokki:

1. Yngvi Rúnar Högnason
2. Gunnar Karl Jóhannesson.
3. Arnar Freyr Árnason.



Í 4X4 Krónu flokki var mikil barátta en þar endaði þetta svona:

1. Jósef Heimir Guðbjörnsson
2. Valur Freyr Hansson.
3. Eiríkur K Kristjánsson.

Í 2000cc flokki var Gunnar Viðarsson svo gott sem búinn að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn, en hann varð samt að klára keppnina til þess að vera öruggur, sem varð síðar raunin. Bæði Gunnar og Kristján kepptu á Honda Civic en Sigurður keppti á BMW með Honda mótör, en svoleiðis vélaskipti hefur maður meðal annars séð í rally.

Þar er mjög vinsælt að setja Honda mótora í gamla afturdrifna Ford Escort og er það að gera svo sannarlega að gera sig. Úrslitin í 2000cc flokki urðu eftirfarandi.

1. Gunnar Viðarsson.
2. Kristján Daði Valgeirsson.
3. Sigurður Sören Guðjónsson.

Þá er bara opni flokkurinn eftir, en þar kepptu að þessu sinni tveir keppendur.


Það voru þeir Rúnar Sigurjónsson á Mercedes Bens með 2.0L vél og Viðar Finnsson á Buggy með 2L Subaru vél.

Það var gaman að horfa á Viðar keyra buggý-inn, þar sem hann virtist ekki alltaf gera sér grein fyrir aflinu í þessu tæki þannig að hann átti það til að snúa bílnum út úr beygjum.

Það kom samt ekki að sök og sigraði Viðar flokkinn.

1. Viðar Finnsson.
2. Rúnar Sigurjónsson.





## Varahlutir sem þú getur treyst á!

- Stýrishlutir
- Pakkningasett
- Ventlar
- Vatnsdælur
- Tímareimar
- Knastásar
- Legur
- Stimplar



Olíur á frábæru verði

Viðgerðir fyrir flestar gerðir bíla

Vélaviðgerðir, túrbínuviðgerðir og spíssaviðgerðir.







Það er bara haldið eitt stórt Rallý hér á landi á hverju ári og er það Rallý Reykjavík. Eins og flestir vita er Rallý Reykjavík alþjóðleg keppni, en hefur verið mjög svo Íslensk síðustu ár og er það sennilega útaf af þeirri kreppu sem hefur verið ríkjandi síðan 2009. Það er samt ekkert verra að hafa góðar Íslenskar áhafnir á mjög svo góðum bílum að keppa eins og raunin var núna í síðustu keppni.

Keppnin var haldin síðasta fimmtudag, föstudag og laugardag í Ágúst og verður að segjast að það var áskorun að vera að keppa í því veðri sem var þessa daga.

21 áhöfn lagði í hann á fimmtudeginum, en aðeins fjórtán kláruðu keppnina. Ef fólk er að spá í hvort að það hafi bara verið einhverjar druslur sem ekki kláruðu, þá þurfa viðkomandi að hugsa sig um, því meðal tækja sem kláruðu ekki voru: Lancer

EVO8, MMC Pajero, Paris–Dakar, Subaru Impreza GC8 og Subaru Impreza WRX þannig að það voru engin slor tæki sem dattu út vegna bilana.

Það voru hins vegar þeir Daníel Sigurðsson og Sigurður Bragi Guðmundsson sem lengst af börðust um fyrsta sætið, en eftir að Daníel datt út þá var það bara að keyra örugglega til vinnings hjá Sigurði Braga.

Hann var 4 mínútur og 03 sekúndur á undan Henning Ólafssyni í mark. Sigurður Bragi keppir á MMC Lancer EVO 7 og er Ísak Guðjónsson hans aðstoðarökumaður. Í öðru sæti varð síðan Henning Ólafsson á Subaru Impreza og þar var Árni Gunnlaugsson aðstoðarökumaður. Sigurður Bragi keppti í flokki X en Henning í N4







BUICK

CHEVROLET

Jeep

DODGE

Oldsmobile

GMC

Cadillac

PONTIAC

HUMMER

SÉRFRÆÐINGAR Í AMERÍSKUM BÍLUM

# HVAÐ GERUM VIÐ? ...Við gerum við ...bíla!



ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR /  
ÁRALÖNG REYNSLA OG ÞEKKING /  
FULLKOMINN TÆKJAKOSTUR /  
SÉRÞEKKING Á GM, CHRYSLER,  
DODGE, JEEP OFL.

motorstilling@heimsnet.is  
www.motorstilling.is

Mótorstilling ehf.  
Skeiðarási 4  
210 Garðabæ  
Sími: 565 4133  
Fax: 555 4133

**Mótor**   
**stilling**  
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

# HÖFÐAHÖLLIN BÍLASALA

SÖLULAUN  
FRÁ KR. 39.900



# Komdu í bíló!

Sími: 567 4840 • Funahöfði 1 • 110 Rvk. • hofdahollin@hofdahollin.is

Ef þú ert í bílahugleiðingum?

Skopðu heimasíðuna okkar [www.bilo.is](http://www.bilo.is)



#	Áhöfn Crew	Bíll Car	Fl Cl	Tími Time	Í fyrsta To first	Í næsta To next	Refs 1 <sup>a)</sup> Pen 1 <sup>a)</sup>	Refs 2 <sup>b)</sup> Pen 2 <sup>b)</sup>
1	<a href="#">29</a> Sigurður Bragi / Ísak	Mitsubishi Lancer Evo 7	X	2:19:07			0:00	0:00
2	<a href="#">11</a> Henning / Árni	Subaru Impreza	N4	2:23:10	4:03	4:03	0:00	0:00
3	<a href="#">1</a> Hilmar Bragi / Sigurður Sören	BMW E36 Compact	E	2:23:28	4:21	0:18	0:00	0:00
4	<a href="#">8</a> Bragi / Guðni Freyr	Subaru Impreza	NT	2:23:40	4:33	0:12	0:00	0:00
5	<a href="#">7</a> Þórður Guðni / Elvar Smári	Subaru Impreza	NT	2:24:30	5:23	0:50	0:00	0:00
6	<a href="#">6</a> Baldur Arnar / Hjalti Snær	Subaru Impreza GL	NT	2:24:37	5:30	0:07	0:00	0:00
7	<a href="#">3</a> Baldur / Aðalsteinn	Subaru Impreza	NT	2:25:34	6:27	0:57	0:00	0:00
8	<a href="#">32</a> Heimir Snær Jónsson	Jeep Cherokee	J	2:27:31	8:24	1:57	0:00	0:20
9	<a href="#">77</a> Ragnar Þórarinn / Sævar Már	Jeep Grand Cherokee	J	2:27:37	8:30	0:06	0:00	0:00
10	<a href="#">16</a> Þór Líni / Sigurjón Þór	Subaru Impreza STI	N4	2:40:50	21:43	13:13	10:00	0:10
11	<a href="#">5</a> Sigurður Óli / Elsa Kristín	Toyota Celica	N4	2:42:23	23:16	1:33	0:00	0:10
12	<a href="#">22</a> Sigurjón Árni / Einar Sveinn	Subaru Legacy	NT	2:49:35	30:28	7:12	0:00	0:50
13	<a href="#">20</a> Einar / Símon Grétar	Audi S2	X	2:55:14	36:07	5:39	10:00	0:00
14	<a href="#">31</a> Drysdale / Rae	Land Rover Defender	J	3:30:35	1:11:28	35:21	10:00	1:20





**ÍSACO**  
★ Hreinsiefni ★

**Jákó**  
Efni sem virka



## Bón og Bílapvottaefni

bílasjampó með vaxbóni. Fjarlægir sót, salt og er tjöruleysandi. Gefur fallegan gljáa og myndar bónhúð á bilinn. Er nátturuvænt og veldur ekki umhverfismengun.  
blanda allt að 1/10 í vatni

## Tjöruhreinsir fyrir bíla

Jákó tjöruhreinsir hefur mikla upplausnarhæfni og fjarlægir fljótt og örugglega tjöru, olíu, salt og önnur óhreinindi. Lyktarlítill Tjöruhreinsir. Virkar á blauta bíla  
Tjöruhreinsir sem virkar.



## AUTO-CLEAN 1000



Bílapvottaefni  
Frábært nátturuvænt hreinsiefni sem er allt í senn bónvörn og tjöruleysandi.  
blanda allt að 1/10 og virkar vel á Bíla, sendibíla, gröfur, tragtórar og lyftara.  
**og til að hreinsa flugur af stuðrum.**

## SÝRUVASK

Sýruvask er sápa sem inniheldur sýru og er ætluð til að fjarlægja útfellingar og ryðtauma. Hentar líka vel til að þrifa bíla þar sem ryðtaumar hafa myndast,  
**skemmir ekki lakk og virkar vel á felgur**



**Erum líka með**  
Gólf og Veggjahreinsiefni  
hreinsiefni fyrir bíla- og vélaverkstæði  
hreinsiefni fyrir matvælaíðnað  
Alhliðs Sóttahreinsisápa  
Margar gerðir af Sandblátur sand og fylgihlutum







Á björtum sumarkvöldum undanfarnar vikur hefur sést á rúntinum einn af glæsilegri bílum borgarinnar, Buick Special árgerð 1956, 4ra dyra hardtop, sem fluttur var inn frá Bandaríkjunum fyrir örfáum árum. Eigandi þessa virðulega bíls er 19 ára piltur, Haraldur Örn Arnarson, að nafni. Drengurinn sá hefur lengi haft áhuga á gömlum bílum og eru glæsivagnar sjötta áratugarins í sérstöku uppáhaldi. Að sögn Haraldar kviknaði áhuginn við áhorf á kvikmyndir eins og American Graffiti og Christine, en í þeim myndum eru gamlir bílar allsráðandi.

Undir gljáfægðu húddinu leynist upprunalega V-8 Fireball-vélin, 322 kúbika (5,2 lítra) sem skilar 220 hestöflum. Þessi vél gengur yfirleitt undir nafninu Nail-head, en ástæða þeirrar nafngiftar eru grannir og lóðréttir ventlarnir sem minna á stóra nagla. Sjálfskiptingin er tveggja gíra af gerðinni Dynaflo, sem af mörgum þykir ein sú sterkasta og endingarbesta.

Um miðjan sjötta áratuginn voru tvílitir og krómslegnir eðalvagnar með bogadregna framrúðu nær allsráðandi og ekki spillti fyrir að hafa þá hardtop. Hinn þekkti sjónvarpsmaður og bílasafnari Jay Leno, sem meðal annars á Buickárgerð 1955, hefur löngum sagt að hönnun General Motors á sjötta áratugnum hafi verið svo frábær að það væri nær útilokað fyrir Hot Rod og Custom-menn að bæta hana, og hafi þeir þó gert fjölmargar tilraunir til þess.





# Ferðaklúbburinn 4x4 30 ára







Það var í mars 1983 sem nokkrir félagar komu saman og stofnuðu Ferðaklúbbinn 4X4. Ein helsta ástæðan fyrir stofnun klúbbsins var sú að fá opinbera aðila til að samþykkja breytingar á jeppum og búnaði þeirra, en fram að þeim tíma höfðu lagana verðir og starfsmenn Bifreiðaeftirlits Ríkisins verið snöggir að taka breytta jeppa úr umferð með því að klippa af þeim númer hvar sem til þeirra náðist.

Þar voru menn íhaldssamir með afbrigðum og vildu engar breytingar sjá, en árið 1984 var stofnaður hópur/nefnd innan 4X4 sem hafði það verkefni að ræða við Bifreiðaeftirlitið og reyna að fá inn breytingar á reglum um gerð og búnað ökutækja þannig að breyttir jeppar yrðu löglegir og var verkefni nefndarinnar að sýna fram á að þessar breytingar væru öruggar.



Eitt af því sem menn voru að hugsa um var að geta sett dekk sem hentuðu betur til aksturs í snjó undir jeppana, það er stærri og breiðari dekk en jeppar voru með á þessum tíma. Við getum nú í dag séð allt í kringum okkur árangurinn af þessari vinnu Ferðaklúbbsins 4x4 þar sem það mætti telja til undantekninga að jeppar séu á þeirri stærð dekkja sem þeir eru fluttir inn á. Þessa breytingu er fyrst og fremst hægt að þakka Ferðaklúbbum 4X4 fyrir það mikla starf sem þeir hafa unnið í því að fá reglugerðum breytt til nútímalegs horfs.

Það er gaman að geta þess að í öllum grundvallaratriðum er þessi reglugerð ennþá eins og sú upphaflega, sem sýnir einfaldlega hversu vel hún var samnin í upphafi. Þá var einnig tekin upp viss breytingaskoðun/séskoðun fyrir breytta jeppa og er það líka komið til vegna baráttu 4X4 klúbbsins.







Mikið félagsstarf hefur alltaf verið innan klúbbsins og hluti af því eru sýningar sem hafa verið all nokkrar gegnum árin.

Fyrsta sýningin sem haldin var í porti Austurbæjarskólans 1985 var haldin til að fjármagna byggingu Setursins sem er skáli klúbbsins, og ágóðinn af seinni sýningum hefur einnig farið í að byggja við og bæta aðstöðuna í Setrinu.

Þessi sýning er sú tíunda í röðinni en sú fyrsta var haldin 1985 í porti Austurbæjarskólans, 1987. Árið 1989 og 1991 í Reiðhöllinni í Víðidal. Reiðhöllin í Víðidal þótti of lítil þannig að sýningin var flutt í Laugardalshöllina og voru sýningar þar 1993, 1995, 1998 og 2001. Gott hlé var tekið eftir þá sýningu en þegar klúbburinn varð 25 sem var árið 2008 á þessu merka ári héldum

við í skugga hrunsins eina glæsilegust bílasýningu sem haldin hefur verið hér á landi. En eins og áður segir var meiri áhugi fjölmiðla og fréttamanna á hruninu þannig að við tíndumst í látunum. En nú ætlum við að standa upp aftur og sýna þá miklu flóru af sérútbúnum bílum sem til er hér á landi og kynna fyrir gestum þá kunnáttu og reynslu sem við höfum af ferðum um landið okkar.

Á flestum sýningunum hefur klúbburinn látið umhverfisvernd til sín taka og þá hefur hjálparsevit klúbbsins sýnt sín tæki.

Fyrstu sýningarnar sem klúbburinn hélt innan dyra voru í Reiðhöllinni í Víðidal, þá kom Laugardalshöllin og sú síðasta var haldin í Fífuni eins og sú sem nú er að hefjast.

Á síðustu sýningu 4X4 í Fífuni 2008 voru rúmlega 150 tæki og verða þau örugglega ekki færri í þetta skiptið.

Þá verður gaman að sjá þá breytingu og þróun sem orðið hefur á fjallabílum og búnaði í þessi fimm ár.

Eitt er á hreinu að við eigum eftir að sjá mikið meira af Ferðaklúbbnum 4x4 og því starfi sem hann stendur fyrir og síðan er allt félagslífið í kringum klúbbin, hvort sem það er á fundum hér í bænum eða þegar menn eru að skemmta sér í vetrarferð í Selinu.

Ég hvet alla til að skoða heimasíðu klúbbsins [www.f4x4.is](http://www.f4x4.is) og kynna sér hvernig hægt er að komast í þennan frábæra félagsskap.







# 30 ára afmælissýning Ferðaklúbbsins 4x4

Í Fífunni Kópavogi dagana 13. - 15. sept. 2013  
Breyttir jeppar og kynning á starfsemi klúbbsins



## Opnunartími:

Föstudaginn 13. sept. kl. 18:00 - 22:00

Laugardaginn 14. sept. kl. 12:00 - 20:00


Sunnudaginn 15. sept. kl. 12:00 - 20:00

Aðgangseyrir 1000 kr. / Helgarpassi 1500 kr.

Frítt fyrir 14 ára og yngri ( í fylgd með fullorðnum)



# Hámarkaðu afsláttinn



## Afsláttarþrep Orkunnar + Þín stöð

Með **Afsláttarþrepum Orkunnar** býðst Orkulykklahöfum stighækkandi afsláttur af eldsneyti hjá Orkunni í takt við aukinn fjölda keyptra lítra í mánuðinum á undan hjá Orkunni og Shell. Þín stöð bætist við Afsláttarþrep Orkunnar og verður afslátturinn þannig að hámarki 10 kr.

**PREP 1 0-50L** 3 kr. + 2 kr. Þín stöð = **5 kr. afsl.**

**PREP 2 50-150L** 5 kr. + 2 kr. Þín stöð = **7 kr. afsl.**

**PREP 3 150L+** 8 kr. + 2 kr. Þín stöð = **10 kr. afsl.**

Skráðu þig í **Afsláttarþrep Orkunnar** á [orkan.is](http://orkan.is) og hámarkaðu afsláttinn þinn.

Sjá nánar á [www.orkan.is](http://www.orkan.is)

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**



[www.orkan.is/afslattarthrep](http://www.orkan.is/afslattarthrep)

  
**ORKAN**  
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!!





Síðasta umferð Íslandsmótsins í Götuspyrnu, var haldin á Kvartmílubrautinni í Kapelluhrauni laugardaginn 10. Ágúst. Það er hægt að segja að það hafi verið fámennst en góðmennt, þar sem mun færri mættu en voru skráðir.

Sennilega var það vegna bleytu sem var í Reykjavík og nágrenni þarna um morguninn.

En málið er, að þó að það sé blautt í Reykjavík, er yfirleitt allt annað veður á Kvartmílubrautinni þó ótrúlegt megi virðast.

Þegar upp var staðið varð úr alveg ágætis keppni, sem var mjög skemmtileg og menn voru að setja Íslandsmet, auk persónulegra meta bæði á bílum og mótörhjólum.

Þá var ekki laust við að nokkur afföll yrðu, og eru menn nú að reka sig á það sama og er að gerast mikið erlendis, það er að gripið í brautinni er það gott að nú verða menn að hafa drifrásina nægilega sterka til að þola aflið í vélinni, þar sem það er að komast til skila í hjólin, og niður á braut.

Einn braut til að mynda girkassa, og öxull fór hjá öðrum, en báðir voru þessir bílar á svokölluðum götuslikkum, sem gefa mun meira grip en venjuleg dekk.

Þá urðu líka aföll þar sem vélar biluðu, enda álagið mikið.

Þessi keppni átti að vera sú næst síðasta í röðinni en hætt hefur verið við keppnina á Akureyri vegna hins hörmulega flugslyss sem átti sér stað þegar flugvél brotlenti á keppnisbraut Bílklúbbs Akureyrar þegar keppni í Götuspyrnu stóð yfir.

Nokkrir keppendur að norðan voru mættir og var gaman að sjá tilþrífing hjá þeim, enda er mun betra grip í startinu á Kvartmílubrautinni heldur en á bráðabrigðabraut þeirra fyrir norðan, en það kemur til með að lagast þegar þeir klára spyrnubrautina sem á að vera þarna á svæðinu við Hlíðarfjallsveg.

En snúum okkur aftur að keppninni.

Þegar brautin hafði þornað, þá var byrjað á því að keyra tímatökur og síðan hófst keppnin kl 15:00, eða klukkutíma á eftir áætlun sem er nú ekki svo mikið, þar sem veðrið reyndist frábært það sem eftir lifði dags.

Keppt var í fjórum flokkum: Tveimur flokkum bíla og tveimur flokkum mótörhjóla.

Mótörhjólaflokkarnir voru: Flokkur breyttra mótörhjóla eða B/ flokkur og síðan flokkur götuhjóla sem er G+ (yfir 900cc)

Sigurvegari í B/flokki varð: Ragnar Ásmundur Einarsson á Suzuki Hayabusa 1300cc og Björn Ingi Jóhannsson á Yamaha R1 (1000cc) varð annar.





Í G+/Flokkum sigraði: Guðmundur Guðlaugsson á Suzuki Hayabusa 1300 og annar varð Ingi Björn Sigurðsson á Yamaha R1(1000cc). Tveir flokkar fólksbíla voru keyrðir. Það voru 4 cyl/Flokkur og MC/flokkur sem er flokkur eldri Amerískra „muscle car“ bíla

Í flokki 4cyl bíla sigraði: Kristján Guðmundsson á Honda Civic og annar varð Jón Friðbjörnsson sem líka ók Honda Civic VTi.

Keppnin í MC/Flokkum varð gríðarlega hörð og stóð á milli þeirra Leonards Jóhannssonar á AMC Gremlin með 360cid AMC vél (5.8L) og Auðuns Jónssonar á Ford Maveric með 408cid (6,7L) Ford mótör.

Áður hafði Sigurjón Andersen á Roadrunner með 440cid Chrysler vél hellst úr lestinni vegna vélarbilunar.

En til þess að gera langa sögu stutta, þá þurfti þrjár ferðir til að úrskurða sigurvega í MC/flokkum, en það var Leonard Jóhannsson á AMC Gremlin sem hafði betur í þar áttunni við Auðunn og sigraði þessa keppni, en Auðunn varð að láta sér annað sætið lynda.

Þess má geta að þetta var í fyrsta skiptið sem að Leonard keyrir á Kvartmílubrautinni, og átti hann þar góðan dag, þar sem hann tók besta tíma sem þessi Gremlin hefur tekið, þegar hann fór í 11.13sek á æfingu eftir keppnina.

Hér að neðan er síðan úrslitatafla fyrir Götuspurnuna:

4 cyl flokkur:

1. Kristján Guðmundsson
2. Jón Friðbjörnsson

MC flokkur

1. Leonard Jóhannsson
2. Auðunn Jónsson

B flokkur

1. Ragnar Ásmundur Einarsson
2. Björn Ingi Jóhannsson

G+ flokkur

1. Guðmundur Guðlaugsson
2. Ingi Björn Sigurðsson

Skemmtileg keppni og við vonumst til að sjá aðra skemmtilega spyrnukeppni, með fullt af keppendum, þann 31. Ágúst og minnum á æfinguna þann 22. Ágúst sem er fimmtudagskvöld.







Já það er starfandi Mercedes-Benz klúbbur á Íslandi og hefur verið það í 10 ár.

Markmið klúbbsins er að gæta hagsmuna Mercedes-Benz eigenda og áhugamanna og að tengja saman þessa aðila á Íslandi. Klúbburinn er hluti af alþjóðlegu neti Mercedes-Benz klúbba og veitir aðild að honum ýmis fríðindi. Þar má nefna afsláttarkjör á varahlutum og ýmiss konar þjónustu víðsvegar í heiminum m.a. frítt inn á söfn Mercedes-Benz í Stuttgart og áskrift að hinu glæsilega tímariti MB Classic. Mercedes-Benz klúbbur Íslands heldur auk þess úti heimasíðu og spjallsvæði þar sem áhugamenn um þessa eðlavalga geta rætt saman um allt milli himins og jarðar. Slóð síðunnar er [www.mbclub.is](http://www.mbclub.is) og er þar að finna leiðbeiningar um hvernig gengið er í klúbbinn.

„Það eru um 260 félagar í Mercedes-Benz klúbbnum. Þetta er afskaplega góður og virðulegur félagsskapur og félagsmenn hafa allir mikið dálæti á Mercedes-Benz bílum. Mikill fjöldi eðalbíla

frá ýmsum tímaseiðum þýska lúxusbílaframleiðandans er í eigu félagsmanna og er þetta sennilega eini bílaklúbbur landsins sem starfar undir regnhlíf bílaframleiðandans“ segir Garðar Lárusson, formaður Mercedes-Benz klúbbsins.

Í tilefni af afmælinu þá ákváðu félagar klúbbsins að gera eitthvað eftirminnanlegt og það var meðal annars að aka hringinn í kringum landið á bílum sínum og hitta aðra Mercedes-Benz eigendur, styrkja böndin í „delluni“ og skoða aðra flotta Mercedes-Benz bíla sem leynast víða um landið. Það er gaman að segja frá því að bílaframleiðandinn Daimler í Stuttgart styrkti m.a. þá ferð.

Hér eru myndir frá 10 ára afmælistýningu Mercedes-Benz klúbbsins í húsnæði Öskju og líka nokkrar myndir frá bílasýningu Bílaklúbbs Akureyrar í Boganum, en Klúbburinn heimsótti BA á bíladögum í hringferð sinni.







Varahlutaverslunin  
**KISTUFELL**

Brautarholti 16  
☎ 562 2104

**Vélarvarahlutir** frá viðurkenndum framleiðendum



**MÓTORHJÓLAGEYMAR  
Í MIKLU ÚRVALI**



N1 BÍLAPJÓNUSTA

440 1100 | WWW.N1.IS

**N1**

Meira í leiðinni



**Bifreid.is**  
Varahlutir í Þýzka Bíla  
S: 555-0885

Tæknipjónusta Bifreiða  
Hjallahrauni 4  
220 Hafnarfjörður






**AMGAUKARAF**

Dalbrekka 16 - 200 Kópavogur  
 Sími: 585 0000 - Fax: 5688587  
 aukaraf@aukaraf.is - www.aukaraf.is

**DRÁTTARBÍLAÞJÓNUSTA**  
*Flytjum bifreiðar • Opnum læsta bíla*

**BG** 

Björn Gíslason  
 Sími: 892 3450 & 554 0305

**B** 

*Bifreid.is*  
 Varahlutir í Þýzka Bíla  
 S: 555-0885

Þjónusta Bifreiða  
 Hjallahrauni 4  
 220 Hafnarfjörður



1988-2013

25 ára

Ávalur sílinder  
með þremur lykllum  
Verð nú: 3.675,-  
Verð áður: 4.900,-

vörunn: MU.2537



Verðmætaskápar  
Allar gerðir

Afmælistilboð  
25% afsláttur  
af völdum vörum  
í september

Bíllýklar\*  
Allar gerðir

\*Af efni



Stofnað 1988



**Neyðarþjónustan**

Lásasmiðurinn

Skútuvogi 11 • 104 Reykjavík • 510 8888 • www.las.is • las@las.is

Vinum fyrir öll tryggingafélögin

534-2000

**BÍLASPRAUTUN**  
ÍSLANDS

**BESTIR FYRIR BÍLINN ÞINN**

Lyngás 12 Garðabæ





Í síðasta blaði birtum við samantekt á hvaða bíla mætti fá fyrir innan við tvær milljónir króna og kölluðum þetta skólábíla. Nú er meiningin að færa sig upp í örlítið stærri bíla; mætti t.d. kalla þá bíla fyrir litlar fjölskyldur (eða litla bíla fyrir fjölskyldur) ef við viljum endilega kalla þá eitthvað. Er hér um að ræða fólksbíla, sem eru um fjórir metrar að lengd og fimm dyra, og ættu þannig að rúma litla fjölskyldu þokkalega við flestar aðstæður. Skólábílarirnir í síðasta blaði áttu það sameiginlegt að vera ódýrir (undir tveim milljónum) og var það hið eina, sem réði vali þeirra. Til að færa sig í næsta stærðarflokk bíla fyrir ofan þarf þó ekki að bæta svo miklu við verðið. Ef við setjum efri mörk á 2,5 milljónir þá finnast samt átta bílar á markaðnum, sem uppfylla skilgreininguna. Vissulega er hálf miljón þó nokkuð af peningum, og hún er vissulega 25% hærri upphæð en tvær milljónirnar, en hér má alla vega sjá, að ýmsir kostir eru í boði á íslenskum bílamarkaði ef leitað er fjölskyldubíls, sem kostar þó ekki meira en þetta.

Smáfjölskyldubílarirnir eiga það flestir sameiginlegt að fást á mjög breiðu verðbili. Hér má velja um ólíkar vélar, beinskiptingar og sjálfskiptingar og mis mikinn búnað. Ef verðmiðinn, 2,5 milljónir er látinn ráða er í öllum tilvikum um að ræða ódýrustu gerðir bílanna, allir með bensínvél og beinskipta. Marga þeirra skortir eflaust einhvern búnað, sem sumir mundu sakna, en til að halda verðinu niðri þarf að færa fórnir. Athygli vekur hve mikill munur er á mengun frá bílunum og ekki fá þeir allir frítt í stæði né eru undanþegnir bifreiðagjöldum (sem miðast við CO2 = 120). Umræddir bílar eru þessir:

verð	gerð	vél	CO2
2190	Mazda 2	1,3 bensín	115
2260	Skoda Fabia	1,2 bensín	128
2330	Citroen C3	1,0 bensín	99
2390	Renault Clio	1,2 bensín	127
2390	Ford Fiesta	1,0 bensín	99
2450	Suzuki Swift	1,2 bensín	116
2460	VW Polo	1,2 bensín	128
2490	Peugeot 208	1,0 bensín	99





## Sjáðu Citroën C3

Hefð Citroën fyrir framúrstefnulegri og glæsilegri hönnun öðlast nýtt líf með nýja Citroën C3. Citroën er fyrir kröfuharða kaupendur sem kunna að meta sönn gæði og fallega hönnun. Línur nýja C3 eru skýrari en forverans, án þess að missa myktina og sérstöðuna.

Kvikur og kraftmikill. Nýi C3 sameinar allt það sem Citroën hefur að bjóða. Fágun, stíl, gæði, öryggi og akstursgleði á vistvænum bíl. Með Citroën C3 færðu allt sem þú sækist eftir.

Sjáðu nýsköpun í bílahönnun, sjáðu nýja Citroën C3.

Sem aukabúnað má fá sérstaka framrúðu sem Citroën kalla Zenith, vegna þess hve langt yfir öikumanninn rúðan nær. Zenith rúðan er listaverk út af fyrir sig. Hún teygir sig hátt upp yfir framsætin og gefur tilkomumikið útsýni og örugga yfirsýn. Þessi nýja tæknihönnun gefur nánari tengsl við umhverfið og frelsistilfinningu fyrir bæði bílstjóra sem og farþega þegar bíll og umhverfi verða eitt.

Hönnun Zenith framrúðunnar er glæsilegt dæmi um nútíma iðnhönnun þar sem gler og stál sameinast á fullkominn hátt. Efsti hluti rúðunnar er skyggður til að vernda öikumann og farþega fyrir sterkum geislum sólarinnar en samt næst sú rýmistilfinning sem svo tilfinnanlega skortir í mörgum bílum nútímans.

Sestu inn í ökurými nýja Citroën C3 og upplifðu. Gæði og glæsileg hönnun er áberandi hvert sem lítið er. Útlitið er innblásið af stjórnklefa í flugvél með skýru mælaborði þar sem öll stjórnþæki eru aðgengileg og einföld. Þannig geturðu beint óskiptri athygli þinni að akstrinum.

Nýi Citroën C3 er einstaklega hljóðlátur. Titringur, veghljóð og hávaði vegna regns og vinda er í algjöru lágmarki. Njóttu.

Leggðu hendurnar á svipmikið stýrið og láttu þig hlakka til einstakrar akstursupplifunar. Góða ferð í nýja Citroën C3.

## Ný vélalína

Með nýja Citroën C3 kynnir Citroën nýja kynslóð vistvænna véla. Fjölbreytt úrval bensín- og dísilvéla. Sú vistvænasta, Airdream útgáfan, gefur aðeins frá sér 93 g/km af koldíoxíði og eyðir 3.7 lítrum á hundraði í blönduðum akstri.

## C3 verndar þig

Mikil áhersla var lögð á öryggi við hönnun nýja C3. Ökumaður og farþegar eru sérstaklega vel varðir þar sem hlutar yfirbyggingarinnar í kringum farþegasætin hafa verið styrktir sérstaklega svo að aðrir hlutar láti fyrir undan við árekstur. Þar að auki eru sex loftþúðar í bílnum. Sem dæmi um aukabúnað nýja C3 má nefna hljóðmerki sem bíllinn gefur ef hann fer of nálægt hindrun, sem gerir auðvelt að leggja bílnum þar sem rými er takmarkað. Þá er í boði tækni sem lætur vita hvenær ákjósanlegast er að skipta um gír þannig að aksturinn verði sem umhverfisvænastur og eldsneytissparnaðurinn sem mestur. Þar fyrir utan er bíllinn útbúinn hátækniöryggisbúnaði svo sem ABS bremsum með EBD bremsujöfnunarbúnaði og ESP stöðugleikastýrikerfi. Sjáðu framúrstefnulega hönnun Citroën. Komdu í Brimborg og sjáðu hvernig aðrir bílar munu líta út eftir fáein ár. Vertu á undan þinni samtíð. Veldu sjálfsstæði.







### Snilldar bíll- Nýr Ford Fiesta

Ford Fiesta hefur farið sigurför um heiminn. Evrópubúar þekkja Ford Fiesta sem bílinn sem sameinar það helsta í lúxus og hagkvæmni. Það kemur því ekki á óvart að Ford Fiesta var mest seldi bíllinn í sínum flokki í Evrópu árið 2012.

#### Sparneytinn og grænn

Ýmsar vélar eru í boði, meðal annars Ford EcoBoost vélin sem er sú sparneytnasta sem Ford hefur framleitt og hefur fengið fjöldan allan af viðurkenningum. Ford EcoBoost var m.a. valin vél ársins 2012 að mati Engine Technology International Magazine.

Einnig er í boði bensínvél sem eyðir einungis 4,3 l/100 km í blönduðum akstri og er með óvenju lág CO2 gildi fyrir bensín vél (99 g/km) og fær því frítt í staði í miðborg Reykjavíkur. Allar bensínvélar eru með StartStop spartækninni sem gerir þær sérstaklega eyðslugrannar.

Ford Fiesta er líka í boði sjálfskiptur með sparneytinni 1,6 lítra bensínvél.

Einnig er fánleg 1,5TDCi dísilvél sem eyðir aðeins 3,7 l/100 km í blönduðum akstri. CO2 gildi hennar eru einnig mjög hagstæð, eða 98 g/km og fær hún því einnig frítt í staði í Reykjavík.

#### Þægilegur og glæsilegur

Útlit Fiesta er glæsilegt og stílhreint. 2013 árgerð Ford Fiesta skartar nýju útliti. Endurhannaður framendinn gerir bílinn enn

rennilegri en jafnframt sérlega kraftalegan.

Innréttingin hefur einnig verið endurhönnuð.

Upplýsingaskjáriinn er 3,5 tommur og tekur hönnun hans mið af nýjustu snjallsímum og er því auðveldur og skýr í notkun. iPod, USB og MP3 tengi er að sjálfsgöðu til staðar.

Hiti er í framsætum og efni í innréttingu er sérlega vandað.

Þess má geta að Fiesta stóðst ströngustu kröfur sem Þýska TÜV eftirlitsstofnunin gerir við ofnæmisprófanir á innréttingum bifreiða. Flutningsrýmið er jafnframt einstaklega gott, eða 290 lítrar.

Annað atriði sem gerir Fiesta einstaklega þægilegan er hversu fljótur hann er að hitna þökk sé sérstökum hitabúnaði í miðstöðinni sem gerir það að verkum að miðstöðin blæs nær samstundis heitu lofti á köldum vetrarmorgnum. Þessi búnaður er sjaldgjæfur í bílum í þessum flokki en hentar sérlega vel héraendis. Annar staðalbúnaður sem einnig er óalgengur fyrir bíl í þessum stærðarflokki er Brekkuaðstoð sem heldur við í halla og því er auðveldara að taka af stað en ella.

Ford Fiesta er þekktur í gegnum tíðina fyrir fábæra akstureiginleika og nýr Fiesta gefur þar hvergi eftir. **Kynntu þér dóma helstu bílagagnrýnenda Evrópu** en þeir gefa nýjum Fiesta hæstu einkunn. Komdu endilega og reynsluaktu, það eru allar líkur á því að þú verðir á sama máli!

Ford Fiesta er einnig þekktur fyrir að vera hagkvæmur í rekstri og með lága bilanatíðni. Talaðu endilega við næsta Fiesta eiganda, hann gefur bílnum sínum örugglega afbragðs einkunn.





## Suzuki Swift

### Verð og búnaður

Verð	GL	GL 4x4	GLX
Beinskiptur	2.450.000	3.050.000	2.780.000
Sjálfskiptur	2.750.000		3.080.000
Búnaður			
Þægindi	GL	GL 4x4	GLX
Vökvastýri	x	x	x
Veltistýri	x	x	x
Rafstýrðar rúðuvindur	x	x	x
Fjarstýrðar samlæsingar	x	x	x
Lykillaus ræsing	-	-	x
Lykillaus hurðaopnun	-	-	x
Loflkæling	-	x	x
Frjókornasía	x	x	x
Hljómtæki	6 hátalarar	x	x
	útvarp / geislaspilari	x	x
	fjarstýring í stýri	x	x
	USB tengi	x	x





## Sportlegur og lipur Mazda

Mazda2 er nettur, lipur, sparneytinn og svo ekki sé minnst á skemmtilegur bíll. Kraftmikil vél, léttur bíll og falleg hönnun gefur Mazda2 forskot á keppinauta sína. Mazda2 er bæði hægt að fá sem sportlegan 3 dyra bíl eða 5 dyra fyrir enn auðveldari aðgang.

### Lipur í akstri

Hönnuðir Mazda lögðu áherslu á að ná fram léttum bíl sem væri fyrir vikið sneggri, með styttri hemlunarveg lengd og á allan hátt lipur í akstri. Mazda2 er sönnun þess að hægt er að framleiða borgarbíla með frábæra aksturseginnleika. Að auki er Mazda2 sparneytinn og fær frítt í stæði í 90 mínútur hjá Reykjavíkurborg.

### Framúrskarandi öryggi

Mazda2 fékk hæstu einkunn í árekstra- og öryggisprófunum Euro NCAP eða 5 stjörnur. 6 loftpúðar eru í bílnum og ABS hemlakerfi, EBD hemlajöfnun og EBA hjálparhemlun, stöðugleikastýrikerfi og spólvörn er staðalbúnaður í öllum útfærslum.

### Fulkominn félagi

Mazda2 er fullkominn félagi í umferðinni. Hann uppfyllir allar væntingar kröfuharðra eigenda borgarbíla. Hann er öruggur, sparneytinn og sérstaklega skemmtilegur í akstri.



# GK

Viðgerðir ehf

# Pústþjónusta

# Bjarkars

Sími  
421 3003

Hrannargötu 3, Reykjanesbæ

PÚSTVIÐGERÐIR  
SÉRSMÍÐI  
OG ALLAR ALMENNAR  
BÍLAVIÐGERÐIR

Erum með vörur frá BJB, Kvikk, Bílabúð Benna, Jeppasmíðjunni Ljónsstöðum, AB varahlutum og fleirum



# Adam's™ Premium Car Care

**Adam's alhliða hreinsivörur fyrir bilinn þinn. Sápur, bön, massar, hreinsiefni fyrir innréttingar, dekk, rúður og fl. Adam's hefur allt fyrir bilinn.**



**H. Jacobsen ehf, Reykjavíkurvegi 66, 220 Hafnarfirði.  
[jacobsen@talnet.is](mailto:jacobsen@talnet.is). Sími 699-3135 [www.adamspolishes.com](http://www.adamspolishes.com)**



IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm  
Framlenging með LED ljósi  
Sterk plasttaska



**9.900** m/vsk

Fullt verð 15.520

IBTGCAI4601

## TOPPLYKLA, OG BITASETT 46 STK.

1/4" 4 - 14mm  
Bitar og toppar  
Framlengingar  
Sterk plasttaska




**6.900** m/vsk

Frábært verð

IBTGCAI130B

## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"  
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"  
Lyklar 8 - 22 mm  
E toppar, sexkantbitar og fl.  
Sterk plasttaska



**26.900** m/vsk

Fullt verð 37.900

IBTGCAI094R

## TOPPA, OG BITASETT 94 STK.

1/4" 4 - 14 mm  
1/2" 10 - 32 mm  
Bitar og fl.  
Sterk plasttaska




**14.900** m/vsk

Fullt verð 25.230

IBTGAAI5801

## SKRÚFJÁRN, OG BITASETT 58 STK.

Stjórnu og slétt.  
Bitar, bitahaldarar, hosuklemmujárn  
og fl.  
Sterk plasttaska



**9.900** m/vsk

Fullt verð 14.685

IBTGCAI9601

## VERKFÆRASETT 96 STK.

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm  
Toppar, lykklar, skrúfjárn, töng  
Nippilyklar og fl.  
Sterk plasttaska



**22.900** m/vsk

Fullt verð 37.200

## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur  
1/4", 3/8" og 1/2" topplyklastett  
Fastir lykklar, sexkantar og skrúfjárn,  
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,  
splittatangir, tangir, bitar og fl.  
Sterkur vagn með lás



**179.900** m/vsk

Okkar besta verð



IBTDJACO106

## 6" SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNINGI 180°.

6" Opnun



**16.900** m/vsk

Fullt verð 29.299

**TILBOÐ**

IBTGAAI2101

## SKRÚFJÁRNASETT 21 STK.

Handfang + járn  
Bitahaldari  
Með smellu fyrir belti  
Sterk plasttaska



**3.900** m/vsk

Fullt verð 5.602

